



## Uppbygging innviða í ferðapjónustu og ábyrgð opinberra aðila

Ferðapjónustan á Íslandi vex hratt um þessar mundir og er orðin forystugrein í atvinnulífinu. Það er því brýnt að uppbygging sé í samræmi við mikla fjölgun ferðamanna. Huga þarf að ýmsu í þessu sambandi; hótelrymi þarf að vera nægjanlegt, samgöngur og flugvellir þurfa að bera fjöldann, fjölbreytt afþreying þarf að vera í boði, huga þarf að viðhaldi og uppbyggingu vinsælla ferðamannastaða ásamt því að innviðir þurfa að vera í lagi. Ýmsir aðilar í ferðapjónustu hafa tekið mið af breyttum aðstæðum og mun stærri markaði en við höfum átt að venjast hér á landi hvað fjárfestingar varðar. Þar má nefna væntanlegar fjárfestingar Icelandair í nýjum flugvélum, áætlaðar fjárfestingar á Keflavíkurflugvelli, mikla uppbyggingu hótela, og fjárfestingu í afþreyingu. Um þetta er fjallað ítarlega í [nýrri greiningu Hagfræðideildar Landsbankans](#) á íslenski ferðapjónustu.


### Rannsóknir í algeru lágmarki

Það er ljóst að ferðapjónustan er orðin burðarás í íslensku atvinnulífi. Þess vegna skýtur það skökku við að opinber framlög til rannsókna og þróunar í greininni eru aðeins brotabrot af því sem gildir um aðrar atvinnugreinar. Mikið er rætt um leggja þurfi áherslu á virði hvers ferðamanns í staðinn fyrir að einblína á fjölda þeirra. Það er t.d. ljóst að ferðamenn frá sumum löndum eru hlutfallslega verðmætari en okkar hefðbundnu ferðamenn. Það gefur augaleið að það þarf miklar rannsóknir og markaðsstarf til þess að ná árangri á þessu sviði. Þar er aðkoma hins opinbera nauðsynleg til þess að tryggja heildarhagsmuni og heildarsýn.


### Ferðapjónusta – bæði burðarás og á byrjunarreit

Ferðapjónustan hefur þá sérstöðu að vinsælir áfangastaðir eru oft almannaþvæði í opinberri eign. Sú staða hefur til þessa verið notuð sem skýring á skorti á markvissri og arðbærri uppbyggingu vegna þess að gestir og notendur eru ekki krafðir um greiðslu fyrir notkun. Lengi hefur verið rætt að nota

Útflutningur þriggja greina



Fjárfestingaráform í Flugstöð Leifs Eiríkssonar





mætti tekjur af hóflegri gjalddöku til uppbyggingar á vinsælum ferðamannastöðum og/eða til þess að þróa nýja. Þannig mætti dreifa álagi ferðamanna sem nýtist greininni allri, minnka álag á mest sóttu staðina og bjóða upp á nýja.

### Hvað segir sagan – áherslur og forgangsröðun

Vorið 2012 kynntu stjórnvöld áform um fjárfestingaráætlun með það að markmiði að styðja við hagvöxt og fjölbreytni í atvinnulífi. Um 2,2 ma. kr. af áætluninni voru ætlaðir ferðaþjónustu með beinum og óbeinum hætti. 1,5 ma.kr. var ætlað að fara beint til uppbyggingar ferðamannastaða og 750 m.kr. átti að nota til þess að byggja upp innviði viðkvæmra en vinsælla ferðamannastaða á friðlýstum svæðum. Samtals var hér um að ræða 750 m.kr. útgjöld á ári í þrjú ár, eða 2,2 ma.kr. alls, allt beinlínis eyrnamerkt sérstökum verkefnum í ferðaþjónustu.

Fjárfestingaráætlunin komst ekki nema að litlu leyti til framkvæmda. Í fjárlagafrumvarpi ársins 2014 og fjárukalögum var kveðið skýrt á um að hætt skyldi við þessi áform að undanskildum tilteknum framkvæmdum sem búið væri að bjóða út og skuldbinda með samningum. Talið var að núverandi tekjuöflun ríkissjóðs og breytingar þar á gætu ekki risið undir þessum verkefnum og ekki kæmi til álita að fjármagna þau með frekari skuldasöfnun.


### Hverjar eru afleiðingarnar?

Niðurfelling þessara áforma sýnir ákveðna forgangsröðun og spurning hvort rökin fyrir henni séu haldbær. Rúmir tveir milljarðar króna til þessara brýnu verkefna hefðu verið stórt skref í rétta átt miðað við þá þörf sem er uppi varðandi viðhald og uppbyggingu ferðamannastaða. Þannig má segja að við séum enn á byrjunarreit hvað þessi mál varðar. Að verja niðurskurðinn með brottfalli fyrirhugaðrar fjármögnunar er önnur birtingarmynd þess að málefni ferðaþjónustunnar eru ekki jafn ofarlega í forgangsröðinni og þarfir annarra atvinnugreina.


### Er gjaldtaka nauðsynleg?

Um þessar mundir er uppgangur í ferðaþjónustu og fjölgun ferðamanna það mikil að hefðbundin uppbygging eins og við þekkjum hana nær varla að halda í horfinu. Þá er hlutverk opinberra aðila að

Fjölgun hótélherbergja



Hlutfall fyrirtækja í ferðaþjónustu sem fjárfestir





hafa forystu um verkaskiptingu og þátttöku allra aðila, svo sem sveitarfélaga, landeigenda og fyrirtækja til þess að árangur náist. Umræða um gjaldtöku er mikil nú og margar skoðanir á lofti. Það virðist ljóst að traust skortir í ferðaþjónustu á því að tekjur af einni sameiginlegri skattlagningu eða gjaldtöku skili sér á rétta staði. Allir vita að útvarpsgjaldið skilar sé ekki alfarið til RÚV og að ýmis gjöld á eldsneyti skila sér ekki á tilætlaða staði.


### **Skapa ferðamenn ekki nægar tekjur nú þegar?**

Á þessu ári má ætla að fjöldi ferðamanna verði tvöfaldur miðað við árið 2010. Ekki er óvarlegt að tekjur hins opinbera af þeim, t.d. vegna virðisaukaskatts, eldneysisgjalda o.s.frv. hafi aukist með sambærilegum hætti. Það eru því töluverð rök fyrir því að ferðamenn séu að skapa það miklar tekjur hjá hinu opinbera að einhverjum hluta þeirra mætti miðla til uppbyggingar og viðhalds ferðamannastaða og því sé kannski ekki þörf á mikilli skattlagningu til viðbótar. Ferðaþjónustan er að skila mestum útflutningstekjum allra greina og ólíkt áframleiðslu og framleiðslu sjávarafurða skilar ferðaþjónustan mun meiri opinberum gjöldum til ríkissjóðs en hinar greinarnar.

### **Er ekki lag til þess að hefja gjaldtöku núna?**

Annað sjónarmið er að einmitt núna sé heppilegur tími til þess að hefja aukna skattlagningu á ferðamenn. Ýmislegt bendir til þess að við ráðum ekki að óbreyttu við áframhaldandi fjölgun ferðamanna sé gengið út frá hefðbundnum vinnuaðferðum og þróun í greininni. Tímasetning fyrir upptöku gjaldtöku ætti því að vera sérstaklega góð núna. Þær aðstæður sem nú eru uppi ættu að veita svigrúm til þess að skipuleggja skattlagningu þannig hún valdi ekki neinum byltingum heldur stuðli að sjálfbærri þróun greinarinnar. Líklegt er að það þurfi að fara varlega og gæta hófs við gjaldtöku því mikil samkeppni fer fram um ferðamenn og þeir hafa úr mörgu að velja. Auðvitað verður að gera ráð fyrir því að aukin skattlagning og þar með verðhækkun valdi því að færri ferðamenn heimsæki Ísland en annars væri. Staðan hér er hins vegar einstök um þessar mundir og því kannski ekki eftir neinu að bíða.

**Kortavelta erlendra ferðamanna**



Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.